

Sp. **385. Tillaga til þingsályktunar** [222. mál]
um að bjóða Alexander Solzhenitsyn búsetu á Íslandi.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að bjóða rússneska rithöfundinum Alexander Solzhenitsyn og fjölskyldu hans búsetu á Íslandi með fullum þegnréttindum.

Greinargerð.

Öllum heiminum er kunnugt um þau örlög, sem stjórnarfar og ráðamenn Ráðstjórnarríkjanna hafa búið rússneska rithöfundinum Alexander Solzhenitsyn og fjölskyldu hans. Baráttuprek þessa einstaklings hefur vakið óskipta athygli og aðdáun. Af óbilandi kjarki hefur hann barist gegn misbeitingu lögregluvalds og fangabúðaprælkun, en fyrir rit- og skoðanafrelsi, gegn stjórnarháttum, sem annar Nóbelsverðlaunahafi, Halldór Laxness, nefnir í tilefni þessa atburðar fasisma.

Nauðugur hefur hann verið fluttur frá ættlandi sínu og sviptur þar öllum mannréttindum. Sérhverri lýðfrjálsri þjóð ber skylda til að bjóða honum alla þá aðstoð, sem í té má láta. Þess vegna er tillaga þessi fram borin, ef Solzhenitsyn vill þiggja boð okkar. Rík sjálfstæðis- og frelsiskennnd hefur ávallt verið aðalsmerki íslensku þjóðarinnar. Fyrir því býður hún af einlægum hug þessu stórmenni andans þau réttindi, sem hún á dýrmætust, búsetu og þegnréttindi í hinu lýðfrjálsa landi — Íslandi.